

Fimmtudaginn 13. mars 1980.

Nr. 79/1979. **Guðjónína Jóhannesdóttir**
f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur
 (Ingi Ingimundarson hrl.)
 gegn
skiptaráðanda í Kópavogskaupstað
f. h. dánarbús Ole Omundsen
 og
Skúla Pálssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. erfingja Ole Omundsen:
Sverre Jensen
Aslaug Davidsen
Marie Pedersen
Grace Haugen og
Harry Warhaug
og gagnsök
 (Skúli Pálsson hrl.).

Búskipti. Krafa um ráðskonulaun. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1977, og gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 5. desember s. á. Aðalsök og gagnsök var vísað frá Hæstarétti með dómi Hæstaréttar 2. apríl 1979.

Aðaláfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1979 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess aðallega, að dánarbú Ole Omundsen verði dæmt til að greiða sér 1.500.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar auk vaxta, svo sem í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi dánarbús Ole Omundsen.

Gagnáfrýjendur skutu málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1979. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar á hendur gagnáfrýjendum alfarið á því, að Margrét Jóhannesdóttir hafi búið í óvígðri sambúð með Ole Omundsen í 45 ár allt til dánardægurs hans, 19. október 1975. Eigi hún, og síðar dánarbúi hennar, rétt til launa úr dánarbúi hans vegna starfa hennar við heimili þeirra þetta tímabil.

Dánarbúi Margrétar Jóhannesdóttur, sem andaðist 25. janúar 1976, var tekið til einkaskipta 12. febrúar s. á. Var skiptum lokið hinn 18. s. m. Búið var endurupptekið til skipta 4. maí 1977.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, sætir dánarbúi Ole Omundsen opinberum skiptum. Innköllun var gefin út til erfingja og skuldheimtumanna.

Þau Margrét Jóhannesdóttir og Ole Omundsen höfðu sameiginlegt heimilishald um 45 ára skeið. Þau voru barnlaus. Uppskriftir á búum þeirra veita vísbendingu um, að þau hafi átt nokkrar eignir hvort um sig. Ekkert er fram komið um það í málinu, að Margrét hafi litið á sig sem ráðskonu Ole Omundsen. Hafði hún sjálf eigi, svo að sýnilegt sé, uppi launakröfur á hendur honum eða búi hans vegna starfa á heimili þeirra. Þegar þetta er virt, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 21. október 1977.

Sóknaraðili máls þessa, Guðjónína Jóhannesdóttir, Nönnugötu 1 í Reykjavík, hefur gert þær dómkröfur aðallega, að úrskurðað verði, að dánarbúi Ole Omundsen greiði henni f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur kr. 3.917.526 auk 13% ársvaxta frá

1. janúar 1976 til greiðsludags svo og málskostnað, en til vara aðra lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar, að hrundið verði kröfu sóknaraðilja og honum verði dæmt að greiða varnaraðiljum málskostnað.

Varnaraðiljar auk búsins eru erfingjar þess, Sverre Jensen, fæddur 11. desember 1928, Aslaug Davidsen, fædd 18. janúar 1930, Marie Pedersen, fædd 28. mars 1931, Grace Haugen, fædd 2. júní 1928, og Harry Warhaug, fæddur 1. nóvember 1935, systkinabörn Ole Omundsen heitins og öll búsett í Noregi.

Málið var lagt undir úrskurð dómsins að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m.

Krafa um frávisun var ekki höfð uppi, og þykja málsskjöl ekki gefa tilefni til þess.

Málið ber að sem hér segir:

Hinn 19. október 1975 lést Ole Omundsen, til heimilis að Fífuhvamsvegi 25, Kópavogi. Með bréfi, dags. 20. nóvember sama ár, óskaði sambýliskona hans, Margrét Jóhannesdóttir, eftir uppskrift og virðingu eigna dánarbúsins. Það var framkvæmt 3. desember s. á., og reyndust helstu eignirnar vera helmingur neðri hæðar íbúðarhússins nr. 25 við Fífuhvamsveg, Kópavogi, á móti fósturdóttur Margrétar og Ole, Sigurlaugu Friðgeirsdóttur, Framnesvegi 40 í Reykjavík, innbú og peningainnstæður í bönkum. Innbú var selt á opinberu uppboði, en helming íbúðarinnar keypti fósturdóttirin með samþykki skiptafundar fyrir kr. 2.582.722. Peningaeign dánarbúsins pr. 31. desember 1976 nam kr. 758.099 og lýstar kröfur kr. 296.212, en innköllun til erfingja og skuldheimtumanna birtist síðast í 28. tbl. Lögbirtingablaðs hinn 12. apríl 1976.

Erfðaskrá fyrirfinnst ekki í dánarbúinu.

Hinn 25. janúar 1976 lést sambýliskona Ole heitins, Margrét Jóhannesdóttir. Alsystir hennar og einkaerfingi er sóknaraðili þessa máls. Hún óskaði eftir uppskrift eigna dánarbús systur sinnar, sem fram fór síðan 12. febrúar f. á. Að ósk sóknaraðilja var veitt leyfi til einkaskipta, og var erfðafjárskýrslu skilað 18. febrúar f. á. Reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810. Dánarbúið var síðan endurupptekið til framhaldsskipta vegna kröfu sóknaraðilja á hendur dánarbúi Ole Omundsen.

Niðurstaða bréfaskipta milli skiptaráðandans og lögmanns erf-

ingja Ole heitins, Johan Chr. Bull, Stavanger, varð sú, að erfingjarnir óskuðu eftir, að búi Ole heitins yrði skipt sem skuldafrágöngubúi. Jafnframt mótmæltu þeir öllum kröfum sóknaraðilja. Þegar ljóst varð, að um málssókn yrði að ræða, óskuðu þeir eftir með bréfi, dags. 28. febrúar þ. á., að Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður gætti hagsmuna þeirra.

Verður nú rakinn aðdragandi kröfugerðar sóknaraðilja:

1. Í bréfi lögmanns Margrétar heitinnar, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 20. nóv. 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi varðandi beiðni um uppskrift og virðingu eigna dánarbús Ole heitins segir eftirfarandi: „Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár.“

2. Í bréfi sama lögmanns til Harry Warhaug, Noregi, dags. 30. desember 1975, segir eftirfarandi: „Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið.“

3. Í kröfulýsingu sóknaraðilja í dánarbú Ole heitins, dags. 2. júní 1976, segir eftirfarandi: „Ég undirritaður vil hér með fyrir hönd db. Margrétar Jóhannesdóttur, Fífuhvamsvegi 25, sem lést hinn 25. janúar 1976, lýsa fjárkröfum í db. Ole Omundsen, en Margrét heitin var bústýra Ole heitins, og voru þau sameigendur að eignum búsins.“

4. Á skiptafundi hinn 23. september 1976 óskaði sóknaraðili eftir því, að litið yrði á bú hinnar látnu og Ole Omundsen sem heild í sambandi við skiptin og eignum félagsbúsins skipt til helminga.

5. Í bréfi skiptaráðandans til lögmanns erfingja Ole heitins, Johan Chr. Bull, Stavanger, dags. 15. nóvember 1976, segir svo: „Lögmaður dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur hefur aðallega krafist helmings eigna hins látna, en til vara krafist ráðskonulauna.“ Síðarnefnda krafan byggðist á yfirlýsingu sóknaraðilja utanréttar.

6. Með bréfi sóknaraðilja til skiptaráðandans, dags. 21. desember 1976, var sendur útreikningur tryggingarfræðings á ráðskonulaunum Margrétar heitinnar hjá Ole Omundsen og þess getið, að skv. útreikningnum verði krafan í dánarbú Ole Omundsen allt að kr. 3.917.526 auk innheimtulauna.

Hinn 15. september sl. lýsti sóknaraðili yfir fyrir dómi, að hún hefði verið viðstödd viðtöl Inga Ingimundarsonar hæsta-

réttarlögmanns og hinnar látnu, þar sem fram hafi komið, að hin látna ætlaði sér að hafa uppi kröfur á hendur dánarbúi Ole Omundsen á grundvelli ráðskonulauna og/eða á grundvelli sameignarsjónarmiða.

Guðjónína Jóhannesdóttir kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að hin látnu hefðu kynnst í Kálfshamarsvík, sem er skammt utan við Skagaströnd, og hófu þau síðan sambúð skömmu síðar, eða á árinu 1930. Í fyrstu leigðu þau sér húsnæði, en byggðu síðan eftir nokkur ár húsið Lund á Skagaströnd og áttu þar heima til 1967 eða 1968. Eftir það fluttu þau til Kópavogs og bjuggu þar til dauðadags.

Margrét heitin vann utan heimilis, eða í fiskvinnu, fyrstu árin eftir að hún og hinn látni hófu sambúð, en síðan vann hún heima fyrir og hafði menn í fæði og húsnæði. Breytilegt var, hversu margir þeir voru, en 2 menn voru hjá henni um 14 ára skeið. Eftir að hin látna flutti til Kópavogs, vann hún ekkert, enda hafi heilsa hennar þá verið farin að bila.

Ekki vissi Guðjónína, hvort hin látna hefði beinlínis verið ráðin sem ráðskona, er hún hóf sambúð með hinum látna. Að minnsta kosti hafði hún ekki heyrt það, en hins vegar lýsti hún yfir á skiptafundi hinn 23. september f. á., að hún vissi til þess, að Margrét heitin hefði alls ekki þegið laun frá Ole Omundsen, á meðan þau bjuggu saman.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðilja kemur fram, að hann hafi annast kröfugerð í dánarbú Ole Omundsen fyrir Margréti heitina, og eftir að hún lést, annaðist hann einkaskipti á búi hennar, sem hafi verið skuldaviðgöngubú. Hafi þeim búskiptum lokið hinn 18. febrúar 1976.

Síðan segir svo í greinargerðinni:

„Af hálfu Margrétar heitinnar var það haft á oddinum, að réttlátast væri, að eigur bús Ole Omundsen væru taldar sameign þeirra að jöfnu, sbr. dskj. no. 1 og 11. Jafnframt gerði ég henni ljóst, að næðist ekki samkomulag á þessum grundvelli við hina norsku erfingja, væri þó öruggur dómapraxis fyrir því, að sambýliskona ætti rétt á launum úr hendi sambýlismanns síns eða frá db. hans. Var ákveðið, að ég annaðist hagsmunagæslu fyrir Margréti heitina í sambandi við búið, en áður en á það reyndi, veiktist hún og lést hinn 25. janúar 1976, eins og áður segir.

Ég vil leyfa mér að taka hér fram, að í viðtölum við mig var Margrét heitin mjög bjartsýn á, að erfingjar Ole heitins myndu verða sanngjarnir og gera vel við sig, enda hefði ávallt verið

mjög gott samband þarna á milli. Gerði hún sér vonir um, að þeir myndu jafnvel afsala sér arfi og hún fengi umráð yfir fasteign búðsins, þ. e. hálfri íbúð að Fífuhvamsvegi 25, en fyrir hinum helmingnum var fósturdóttir þeirra, Sigurlaug, skráð. Lét ég þetta sjónarmið hennar koma fram í bréfi, sem ég ritaði einum erfingjanna 30. des. 1975, dskj. nr. 11.

Í kröfufýsingu, dags. 2. júní, dskj. nr. 12, er sjónarmið Margrétar heit. um sameigin búðsins enn haft á oddinum, en þar sem talað er um „fjárkröfur“ í bréfinu, er að sjálfsögðu átt við launa-kröfur.

Óþarft virðist að taka fram, að sjálfsagt var að leggja saman eigur þeirra beggja, Ole heit. og Margrétar, ef samkomulag hefði verið um að skipta að jöfnu. Hins vegar taldi skiptaráðandi ástæðulaust að bíða með skipti eftir Margréti heit., því alltaf mætti endurupptaka skiptin og ná fram jöfnuði milli erfingja.

Hugmyndinni um skiptingu búðsins á sameignargrundvelli var hafnað af erfingjum. Var þá Guðjón Hansen, tryggingafr., fenginn til að reikna út ráðskonulaun Margrétar heit. Jóhannesdóttur. Er útreikningur hans á dskj. no. 9 í máli þessu og er lagður til grundvallar kröfugerð í málinu.

Í útreikningi sínum styðst tryggingafræðingurinn við taxta lóðu og Dagsbrúnar. Hann skiftir sambúðartímanum í 3 tímabil sem hér segir:

Vegna áráanna 1931—1939 kr. 373.847.00

Vegna áráanna 1940—1967 kr. 3.370.828.00

Vegna áráanna 1968—1975 kr. 2.625.289.00

Samtals kr. 6.369.964.00

Til frádráttar kemur svo verðmæti fæðis og húsnæðis í árslok 1975, þannig:

Fæði:

Vegna áráanna 1931—1939 kr. 115.893.00

Vegna áráanna 1940—1967 kr. 1.044.957.00

Vegna áráanna 1968—1975 kr. 813.840.00

Kr. 1.974.690.00

Húsnæði:

Vegna áráanna 1931—1939 kr. 28.039.00

Vegna áranna 1940—1967 kr. 252.812.00

Vegna áranna 1968—1975 kr. 196.897.00

Kr. 477.748.00 kr. 2.452.438.00

Mismunur kr. 3.917.526.00

sem er aðaldómkrafan í málinu.

Ég vísa að öðru leyti í dskj. nr. 9 og dskj. nr. 8, þar sem fram koma upplýsingar til tryggingafr. byggðar á frásögn Guðjónínu Jóhannesdóttur, systur Margrétar heit., sem er gerkunnug æfiferli systur sinnar og sambýlismanns hennar.

Af greinargerð tryggingafræðingsins kemur fram, að hann gerir ráð fyrir, að til lækkunar komi á tekjugrundvelli, einkum árin 1931—1939 og 1968—1975 af ástæðum, sem hann tilgreinir.

Í málinu er því gerð varakrafa um aðra lægri fjárhæð að mati dómara.

Rök og málástæður:

Í máli þessu er um að ræða launakröfu. Ekki þarf að mínu viti blöðum um það að fletta, að launakrafa þessi gengur í arf eftir hina látnu og á að renna inn í db. hennar, sem á allan þann sama rétt og hún sjálf átti.

Eins og fram kemur hér að framan, hélt hin látna fram rétti sínum, meðan hún lifði, og hafði ekki fallið frá honum, áður en hún dó. Lá það ávallt fyrir, að krafa yrði gerð um ráðskonulaun, ef eigi næðust samningar um skipti eftir Ole Omundsen, þar sem þetta er hið eina úrræði sambýliskonu til að eignast hlutdeild í eignum sambýlismanns síns við sambúðarslit eða andlát, þegar svo er, sem venjulega er staðreyndin, að eignir eru á hans nafni.

Í Hrd. 35. b., bls. 843, var kröfu sambýlismanns um að verða talinn sameigandi að eignum db. sambýliskonu hafnað. Hins vegar voru honum dæmd laun úr búinu. Allmargir dómar kveða á um rétt sambýliskonu til launa (ráðskonulauna), og má í þessu sambandi benda á grein Harðar Einarssonar, hrl., í Útljóti, 4. tbl. 1970, þar sem raktir eru ýmsir dómar.

Mörgum munu þykja lágar fjárhæðir þær, sem dæmdar eru, en ég tel óhjákvæmilegt, að í framtíðinni verði breyting í þá átt að dæma hærri laun. Sambýlisformið verður æ algengar og réttur konu gróflega fyrir borð borin, ef sambýlismaður fær

einn þá fjármuni, sem þau bæði hafa aflað á sambúðartímanum, sem oft varir áratugum saman.

Hæstaréttardómur í 40. b., bls. 92, bendir ótvírætt í þá átt, að tilhneiging sé að rétta hlut konu. Þar voru sambýliskonu dæmdar kr. 70.000.00 í héraði, en Hæstiréttur hækkaði launin í kr. 120.000, eða um rúm 58%.

Víst er, að krafa umbj. míns er ekki fyrnd skv. 3. gr. 1. tl. i. f. laga nr. 14/1905, enda ótvírætt, að sambýli var hér óslitið.“

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja er sýknukrafa hans byggð á því, að ekki hafi myndast kröfuréttur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja um ráðskonulaun úr dánarbúi Ole Omundsen. Síðan segir þar svo:

„Margrét heitin Jóhannesdóttir hafði ekki gert neinn samning við Ole Omundsen, meðan bæði lifðu, og heldur ekki gert reka að því að krefja db. hans um ráðskonukaup, áður en hún lést. Með öllu er óvíst, að hún hefði nokkurn tíma haft uppi slíkar kröfur, þótt hún hefði lifað.

Af þessu leiðir, að db. Margrétar heitinnar á ekki rétt til að fá úr hendi varnaraðila greiðslur, sem byggja rétt til ráðskonulauna. Ég vil sérstaklega benda á, að í Hrd. þeim, sem vitnað er til í greinargerð andstæðings míns, er krefjandinn sjálfur upphafsmaður að málssókn, og er málið þegar af þeirri ástæðu ósamþæflegt við það úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir.“

Niðurstaða.

Ole Omundsen lést hinn 19. október 1975, og var bú hans tekið til opinberra skipta. Fjárhagsleg staða þess miðað við 1. nóvember 1977 er þessi:

1. Peningar í sparisjóðsbók	kr. 1.284.550	
2. Peningar í sjóði	kr. 62.947	
3. Norskir peningar 1.663.08, ca ísl. ...	kr. 63.745	
4. Vegna sölu eignarhluta dánarbúsins í jarðhæð hússins nr. 25 við Fífu- hvammsveg, Kópavogi.		
4. 1. Greiðsla í peningum 2. febrúar 1978	kr. 750.000	
4. 2. Eftirstöðvar, er greiddast með 5 ára skuldabréfi	kr. 1.075.000	
5. Lýstar kröfur fyrir utan kröfu sóknaraðilja		kr. 265.607
Samtals kr. 3.236.242		265.607

Margrét Jóhannesdóttir lést hinn 25. janúar 1976, og voru einkaskipti á dánarbúi hennar heimiluð skv. erfðafjárskýrslu, dags. 18. febrúar 1976, reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810.

Ekki er þess getið almennt í settum lögum, hvaða réttindi erfast, en á andlag erfða er þó drepíð á nokkrum stöðum, og benda þau lagaákvæði til þess, að það séu eigur manns, fjármunir eða fé, þ. e. fjárréttindi, en ekki önnur réttindi, nema lög heimili það hverju sinni. Þegar þetta er virt, þykja hafa myndast réttindi að stofni til, er Margrét heitin var á lífi, og hefur erfingi hennar sama rétt og hún hafði og getur nýtt sér hann. Á meðan Margrét heitin var á lífi, ritaði lögmaður hennar bréf, dags. 20. nóv. 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi, og segir þar svo:

„Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár.“

Í bréfi sama lögmanns, dags. 30. desember 1975, segir svo:

„Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið.“

Sóknaraðili máls þessa hugleiddi í fyrstu að hafa uppi kröfur á grundvelli sameignarsjónarmiða, en hvarf frá því og krafði síðan dánarbú Ole Omundsen um ráðskonulaun á skiptafundi hinn 30. mars sl. Kröfu þessari mótmæltu varnaraðiljar, og verður því úrskurðað um réttmæti hennar, svo sem krafist hefur verið.

Samkvæmt málsskjölum munu hin látnu hafa búið saman um 45 ára skeið, en þar sem þau gengu ekki í hjúskap, gilda eigi um fjármál þeirra lög nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna né hafði Margrét heitin öðlast lögerfðarétt eftir Ole Omundsen skv. lögum nr. 8/1962. Erfðaskrá fyrirfannst ekki.

Samkvæmt framburði sóknaraðilja vissi hann ekki, hvort Margrét heitin hefði verið ráðin beinlínis sem ráðskona, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen. A. m. k. hafði hún ekki heyrt það og taldi þau hafa búið saman sem hjón. Þá vissi sóknaraðili ekki, hvort Margrét hafi litið á stöðu sína á heimilinu sem hún væri ráðskona, en um þetta hafi aldrei verið rætt á heimilinu. Margrét hafi alls ekki þegið laun frá sambýlismanni sínum og vissi ekki til þess, að hún hefði kafið Ole Omundsen um þau, á meðan þau bæði voru á lífi.

Samkvæmt þessu er talið ólíklegt, að Margrét heitin hafi ætlast til sérstakra fjárgreiðslna, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen, og virðist ekki hafa búið á heimilinu hans sem launþegi. Senni-

lega hefur sambúð þeirra orðið Margréti til nokkurs fjárhagslegs hagræðis, en hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis, nema fyrstu árin eftir að þau hófu sambúð, síðan stundað fæðissölu um nokkurt árabíl.

Samkvæmt uppskriftargerð eigna dánarbús Margrétar, er fram fór hinn 12. febrúar 1976, leiðir í ljós, að hún hafi haft sérgreindan fjárhag, er bendir til þess, að hún hafi haft nokkra sjálfstæða tekjuöflun í skjóli stöðu sinnar á heimili Ole Omundsen.

Samkvæmt þessu er talið, að Margrét hafi aðeins ætlast til að hafa fast heimili og fæði og upphald í skjóli sambýlis við Ole Omundsen.

Ekki áttu þau börn saman, og hefur heimilishald ekki verið svo þungt, að hinn látni hafi þurft á heimilisaðstoð að halda, enda verður ekki séð, að heimilishaldið hafi verið léttar við sambýlið.

Með tilliti til aðstæðna, að því leyti sem upplýst hefur verið í máli þessu, þykir bera að líta svo á, að sóknaraðili eigi ekki rétt til fjárgreiðslna úr dánarbúi Ole Omundsen fyrir vinnu Margrétar í þágu heimilisins. Verða því kröfur umboðsmanns hennar ekki teknar til greina.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 178. grein laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna starfsanna fógeta.

Sigurberg Guðjónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja, Guðjónínu Jóhannesdóttur f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur, um ráðskonulaun í dánarbúi Ole Omundsen er synjað.

Málskostnaður fellur niður.
